

Dags. 16.12.2020

Sendandi umsagnar: Sveitarfélagið Ölfus, kt.420369-7009

Númer máls 369. Umsögn um frumvarp til laga um Hálendisþjóðgarð

Góðan dag

Á 286. fundi bæjarstjórnar Sveitarfélagsins Ölfuss sem haldinn var þriðjudaginn 15. desember 2020 var eftirfarandi umsögn um frumvarp til laga um Hálendisþjóðgarð færð til bókar:

Bæjarstjórn Sveitarfélagsins Ölfuss ítrekar fyrri afstöðu og lýsir andstöðu við fyrirhugaðan hálendisþjóðgarð. Bæjarstjórn fellst ekki á það skipulag að stjórnarsýsla svæðisins verði færð frá lýðræðislega kjörnum fulltrúum sveitafélaga, til félagasamtaka og embættismanna. Umsjón, rekstur og ákvörðunartaka er varða eignir sveitarfélaga á hálendinu munu færast úr höndum sveitarstjórna og íbúa sveitarfélagsins til fulltrúa annarra sveitarfélaga, félagasamtaka og embættismanna.

Bæjarstjórn Sveitarfélagsins Ölfuss gerir athugasemd við að ekki liggi fyrir greining og samanburður á rekstri þjóðgarða annars vegar og þjóðlendna hins vegar. Aldrei í ferlinu hefur af hálfu umhverfissráðherra verið bent á vankanta núverandi kerfis þjóðlendulaganna hvort sem litið er til þjóðhagslegrar hagkvæmni eða náttúruverndar. Því má leiða líkur að því að raunverulegur tilgangur með stofnun hálendisþjóðgarðs og þjóðgarðastofnunar sé að færa völd yfir stórum hluta landsins á fáar hendur, ráðherra og embættismanna. Bæjarstjórn telur það ekki góða þróun að sífelld fleiri ákvarðanir er varða hagsmuni og samfélagsgerð sveitarfélaga séu háðar samþykki embættismanna og starfsmanna ríkisstofnana.

Þá telur bæjarstjórn að það sé langt frá því að vera skynsamlegt að stofnaðar verði nýjar ríkisstofnanir af þessari stærðargráðu á þeim tímum sem við nú lifum. Ætla má að stofnun þjóðgarðs á hálendinu og ný ríkisstofnun, þjóðgarðastofnun, útheimti gríðarlega fjármuni ef vel á að vera og það verður að teljast gagnrýniverð að ekki liggi fyrir ítarleg fjármálaáætlun er varðar málefnið. Í skýrslu þverpólitísku nefndarinnar kom fram að ítarleg fjármögnunaráætlun sem taki til uppbyggingar og reksturs innviða þyrfti að fylgja frumvarpi um þjóðgarðinn, bæjarstjórn hefur ekki séð slíka áætlun. Þá verður það að teljast umhugsunarvert að á sama tíma og mikill rekstrarvandi blasir við núverandi þjóðgördum telji ráðuneytið sem fer með málaflokkinn það skynsamlegt setja tæp 40% af Íslandi undir slíkt rekstrarform.

Þá bendir bæjarstjórn á að fjölmörg ný svæði hafa verið friðlýst á sl. árum sem kalla á mikið fjármagn. Mikilvægt er að þeim friðlýsingum fylgi nægt fjármagn ef friðlýsingin á að þjóna tilgangi sínum.

Bæjarstjórn Sveitarfélagsins Ölfuss leggst því alfarið gegn stofnun þjóðgarðs á hálendinu.

Þetta tilkynnist hér með

Bestu kveðjur

Sandra Dís Hafþórsdóttir
Sviðsstjóri fjármála- og stjórnarsýslusviðs
Sveitarfélagið Ölfus
Sími 480-3800